

27. marz 1973.

133

Nr. 62.

REGLUGERÐ

um Viðlagasjóð.

I. KAFLI

1. gr.

Sjóðurinn heitir Viðlagasjóður.

Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn, kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi, og jafnmargir varamenn, kosnir á sama hátt.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda fundi svo oft, sem þörf krefur, þó eigi sjaldnar en vikulega.

Formaður boðar til funda. Hafi einhver aðalmaður í stjórninni tilkynnt um lög-mæt forföll sín skal boða varamann hans.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef fimm stjórnarmenn sækja fund.

Ályktanir stjórnar og annað, er á fundum gerist, skal fært til bókar.

4. gr.

Stjórn sjóðsins ræður honum starfsfólk og ákveður laun þess. Forsætisráðherra ákveður laun stjórnarinnar.

Stjórninni er heimilt að ráða sjóðnum framkvæmdastjóra, einn eða fleiri. Setja skal þeim erindisbréf, þar sem starfsheimildir eru rækilega skilgreindar. Framkvæmdastjórum er heimilt að sitja stjórnarfundum. Hafa þeir þar málfrelsi og til-lögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

5. gr.

Fé Viðlagasjóðs, skal geymt á sérstöðum reikningi hjá Seðlabanka Íslands. Seðla-bankinn skal annast allt bókhald sjóðsins og daglega endurskoðun.

Þóknun til Seðlabankans skal ákveðin með samningi milli stjórnar sjóðsins og Seðlabankans. Náist ekki samkomulag um þessa þóknun, skal forsætisráðherra skera úr.

Ríkisendurskoðunin skal annast endurskoðun sjóðsins eftir sömu reglum og annarra ríkisstofnana.

6. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu úrskurðaðir af forsætisráðherra. Þeir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda ásamt áritun ríkisendurskoðunarinnar.

B 18

7. gr.

Í störfum sínum skal stjórn sjóðsins hafa samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmannaeyja fjalla.

8. gr.

Öllum opinberum stofnunum er skylt að láta sjóðnum í té öll þau gögn og upplýsingar, sem hann óskar og nauðsynlegar mega teljast vegna starfsemi hans.

II. KAFLI

9. gr.

Tekjur Viðlagasjóðs eru þessar:

1. Framlag ríkissjóðs 160 milljónir króna.
2. Framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs.
3. Viðlagagjald samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 4/1973.
4. Framlög og önnur aðstoð, sem berast kann frá innlendum og erlendum aðiljum vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum, og ekki beint til annarra nafngreindra aðilja.

Stjórn Viðlagasjóðs er heimilt að taka bráðabirgðalán til að standa straum af nauðsynlegum greiðslum þar til tekjur berast sjóðnum.

III. KAFLI

10. gr.

Sjóðurinn skal greiða allan kostnað Almanna- og Almannavarna ríkisins vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum til 1. marz 1973, samkvæmt reikningum ráðsins.

Eftir 1. marz 1973 greiðir sjóðurinn aðeins þann kostnað Almanna- og Almannavarna ríkisins, sem leiðir af starfsemi, sem framkvæmd er að beiðni eða með samþykki sjóðsstjórnar.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir kostnað af flutningi þeirra manna til lands, sem búsettir voru í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973, og greitt hafa fyrir slíkan flutning, samkvæmt reikningum þessara aðilja, enda hafi flutningur farið fram fyrir 1. marz 1973.

12. gr.

Sjóðurinn greiðir sannanlegan kostnað af flutningi manna og búslóðar, þar með talinn einkabifreiða frá Vestmannaeyjum til lands á tímabilinu 23. janúar 1973 til 1. marz 1973 samkvæmt reikningum þeirra, er slíkan flutning hafa annazt eða greitt fyrir hann, enda hafi þeir ekki verið greiddir af öðrum aðiljum.

Eftir 1. marz 1973 greiðir sjóðurinn aðeins fyrir þann flutning, sem framkvæmdur er að beiðni sjóðsstjórnar eða með hennar samþykki.

13. gr.

Sjóðurinn greiðir fyrir flutning þeirra fiskiskipa, er eigi gátu gengið fyrir eigin vélarafli og flutt voru til lands á tímabilinu 23. janúar til 1. marz 1973. Sama gildir um allan búnað skipa, sem eigi var um borð í þeim hinn 23. janúar 1973 svo og veiðarfæri. Flutningskostnaður samkvæmt þessari grein greiðist til þeirrar hafnar, er fyrst var komið í frá Vestmannaeyjum, eða í geymsluhús. Kostnaður samkvæmt þessari grein greiðist þeim, er greitt hefur slíkan kostnað eða þeim, er flutning hefur annazt, enda hafi hann ekki fengið greiðslu á annan hátt.

14. gr.

Sjóðurinn greiðir kostnað af geymslu búslóða manna, sem yfirgefa urðu Vestmannaeyjar vegna náttúruhamfaranna til 31. desember 1973, enda sé geymt í geymslurými, er stjórn sjóðsins aflar eða samþykkir.

15. gr.

Sjóðurinn greiðir kostnað af flutningi véla og annars lausafjár úr verksmiðjum, fiskiðjuverum, vélsmiðjum og öðrum atvinnufyrirtækjum frá Vestmannaeyjum til lands. Þá greiðir sjóðurinn kostnað af geymslu þessara tækja til 31. desember 1973, enda sé geymt í geymslurými, er stjórn sjóðsins aflar eða samþykkir. Sjóðurinn afhendir því aðeins þessi verðmæti til eigenda, að fyrir liggi skriflegt samþykki veðhafa, er veð eiga í þessum eignum. Sjóðurinn er þó ekki skaðabótaskyldur vegna afhendingar þessara verðmæta þótt slíka yfirlýsingu skorti, ef veðhafi hefur ekki tilkynnt sjóðnum um veðið.

Nú býður sjóðurinn aðilja að flytja eða sjá um flutning á verðmætum þeim, sem um er rætt í þessari grein, en eigandi eða umráðamaður vill eigi láta flytja verðmætin og greiðir sjóðurinn þá ekki síðar fyrir flutning og greiðir engar bætur vegna þessara verðmæta þótt farast kunni, nema öðruvísi verði ákveðið af stjórn sjóðsins, hverju sinni.

16. gr.

Verði við flutning eða geymslu í umsjá sjóðsins, skemmdir á verðmætum þeim, er um ræðir í 12., 13., 14. og 15. gr., sem tjónþoli fær eigi bættar frá öðrum aðiljum, skal sjóðurinn greiða bætur vegna þessa.

Sjóðurinn getur gert það að skilyrði fyrir greiðslu bóta, að trúnaðarmenn hans skoði skemmdir og meti tjón.

17. gr.

Stjórn sjóðsins úrskurðar kröfur um greiðslu kostnaðar og bóta samkvæmt 10.—11. gr. og er úrskurður sjóðsstjórnar endanlegur um það hvað sjóðnum beri að greiða.

IV. KAFLI

18. gr.

Stjórn sjóðsins skal vinna að því að leysa húsnæðisþörf Vestmannaeyinga, sem orðið hafa að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna, og er heimilt að verja fé úr sjóðnum í þessu skyni.

19. gr.

Sjóðnum er heimilt að taka á leigu íbúðarhúsnæði með rétti til framleigu og framleigja Vestmannaeyingum, sem hafa orðið að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna.

20. gr.

Sjóðnum er heimilt að veita eigendum ófullgerðs íbúðarhúsnæðis lán til að fullgera það, enda sé húsnæðið um leið leigt sjóðnum til a. m. k. eins árs með heimild til framleigu. Lán þessi skulu vera með venjulegum fasteignalánavöxtum, tryggð með veði í húsnæðinu, og eigi til lengri tíma en fimm ára.

21. gr.

Sjóðnum er heimilt að kaupa íbúðarhúsnæði í landi og leigja það Vestmannaeyingum, sem orðið hafa að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna.

22. gr.

Sjóðnum er heimilt að byggja eða láta byggja íbúðarhús. Þá er sjóðnum heimilt að kaupa innanlands eða erlendis tilbúin hús, þar með talin færanleg hús, og láta reisa þau á hagkvæmum stöðum.

23. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hvar hús þau, er um ræðir í 22. gr. verða reist. Skal við ákvörðun byggingarstaðar haft samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og sveitarstjórnir, þar sem húsin á að reisa.

Purfi sveitarstjórn að leggja í verulegan kostnað vegna byggingar húsa þessara, er sjóðnum heimilt að veita sveitarsjóði, er í hlut á, bráðabirgðalán til að standa straum af þeim kostnaði. Um lánskjör öll í því sambandi skal samið sérstaklega hverju sinni.

24. gr.

Húsnæði það, sem sjóðurinn fær til ráðstöfunar samkvæmt 19.—23. gr. skal hann leigja Vestmannaeyingum, sem hafa orðið að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna. Sjóðsstjórn ákveður leigufjárhæð, er skal vera sanngjörn og eðlileg. Leigutími skal eigi vera lengri en þrjú ár. Um leiguna að öðru leyti skulu gilda venjulegar reglur um leigu íbúðarhúsnæðis.

25. gr.

Nú er eigi lengur þörf fyrir húsnæði í eigu sjóðsins til nota fyrir Vestmannaeyinga, sem um ræðir í 24. gr., og skal sjóðurinn þá selja húsnæðið.

26. gr.

Nú verða tekjur manns, sem búsettur var í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973, lægri á árinu 1973 en þær voru á árinu 1972 af ástæðum, sem ekki verða raktar til annars en náttúruhamfaranna. Skal sjóðnum þá heimilt að greiða honum bætur allt að því, sem þessum mun nemur. Með tekjum er hér átt við launatekjur, hreinar tekjur af eigin atvinnustarfsemi eða eignum og allar tekjuskattskyldar bætur almannatrygginga, svo og greiðslu frá lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingum. Sjóðnum er heimilt að greiða bætur þessar með þeim hætti, að veita bótapega leiguivilnun búi hann í húsnæði á vegum sjóðsins. Þegar bótapefð manns er metin, skal við það miðað, að hann hafi neytt þeirra atvinnutækifæra, sem sanngjarnt getur talizt að ætlast til af honum við þessar aðstæður.

27. gr.

Sá, sem vill fá bætur samkvæmt 26. gr. skal senda til sjóðsins umsókn í því formi, er sjóðsstjórn ákveður og með þeim gögnum, sem hún krefst.

Sjóðsstjórn gerir síðan áætlun um bótapefð hvers umsækjanda og má greiða honum bætur samkvæmt því mánaðarlega á árinu 1973. Endurskoða skal þá áætlun ef breyting verður á högum umsækjanda.

Nú reynist maður hafa fengið ofgreiddar bætur og skal hann þá endurgreiða hið ofgreidda ásamt vöxtum samkvæmt reglum, er sjóðsstjórn setur.

28. gr.

Sjóðsstjórn skal setja nánari reglur um framkvæmd ákvæða 26. og 27. gr. og skulu reglur þessar birtar í Lögbirtingablaði.

29. gr.

Nú skortir atvinnufyrirtæki, sem starfrækt var í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973, en hefur orðið að hætta starfsemi sinni þar, fé til að standa við greiðsluskuldbindingar sínar eða skortir fé til að hefja starfsemi sína aftur í landi, og er sjóðn-

um þá heimilt að veita því bráðabirgðalán vegna þessa, enda séu rök að því leidd, sem stjórn sjóðsins metur gild, að fjárskorturinn sé afleiðing náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

Umsóknir um lán þessi skulu vera í því formi og studd þeim gögnum, sem stjórn sjóðsins ákveður. Auglýst skal í blöðum um lán þessi.

V. KAFLI

30. gr.

Sjóðnum er heimilt að veita sveitarsjóðum eða hafnarsjóðum í kaupstöðum og kaптúnum lán til að bæta hafnaraðstöðu og aðstöðu til móttöku afla og afgreiðslu fiskiskipa, enda skuldbindi lántakar sig til að veita bátum, sem skráðir voru í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973 aðstöðu til afgreiðslu. Lán þessi skulu vera veitt til 5 ára hið mesta og bera sömu vexti og lán Hafnarbótasjóðs. Stjórn sjóðsins skal setja nánari reglur um veitingu lána þessara.

31. gr.

Heimilt er sjóðnum að veita eigendum fiskverkunarstöðva og verksmiðja er vinna úr sjávarafli, lán til endurbóta eða stækkunar á iðjuverum sínum eða hagræðingar þar, enda skuldbindi lántakar sig til að nota hina auknu afkastagetu til að vinna úr afla báta, sem skráðir voru í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973. Lán þessi skulu vera til fimm ára lengst og með þeim kjörum, sem tíðkast um lán í sama skyni hjá Fiskveiðasjóði.

VI. KAFLI

32. gr.

Viðlagasjóður skal í hvívetna stuðla að menningarlegri, félagslegri og heilbrigðislegri velferð Vestmannaeyinga þeirra, er hafa orðið að yfirgefa heimabyggð sína vegna náttúruhamfaranna og þeirra, sem í Vestmannaeyjum eru. Allar ráðstafanir skulu við það miðaðar, að menn þessir snúi aftur til Vestmannaeyja.

33. gr.

Sjóðnum er heimilt á árinu 1973 að styrkja bæjarsjóð Vestmannaeyja til að starfrækja áfram alla þá starfsemi á sviði menningar-, félags- og heilbrigðismála, sem starfrækt var í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973 og við verður komið að starfrækja utan Vestmannaeyja. Styrkur sjóðsins skal fólgin í því að greiða þann umframkostnað, sem leiðir af starfrækslu á þessum sviðum utan Vestmannaeyja. Stjórn sjóðsins skal gera sérstakan samning við bæjarstjórn Vestmannaeyja um þetta efni.

34. gr.

Nú telja bæjarstjórn Vestmannaeyja og fyrirsvarsmenn ríkissjóðs nauðsyn bera til að auka starfsemi þá, sem um ræðir í 33. gr. eða taka upp nýja þætti á þeim sviðum, og er sjóðnum þá heimilt að greiða kostnað, sem af þessu leiðir, enda hafi samþykkis sjóðsstjórnar verið aflað til hinnar nýju starfsemi.

VII. KAFLI

35. gr.

Viðlagasjóði er heimilt að veita bæjarsjóði Vestmannaeyja bráðabirgðalán til að standa undir kostnaði af starfsemi sveitarfélagsins á árinu 1973.

Sjóðnum er heimilt að veita bæjarsjóði Vestmannaeyja styrk á árinu 1973. Styrkurinn skal miðast við þann kostnaðarauka, sem leitt hefur af því, að flytja

varð starfsemi bæjarstjórnar til lands og ekki hefur fengizt fé til skv. 33. og 34. gr. eða frá öðrum aðiljum. Auk þess má veita bæjarsjóði Vestmannaeyja styrk vegna þeirrar tekjurýrnunar bæjarsjóðs á árinu 1973, sem rekja má til náttúruhamfaranna, enda hafi hann ekki fengið bæt看 fyrir þann tekjumissi á annan hátt.

VIII. KAFLI

36. gr.

Sjóðurinn greiðir allan kostnað af vernd verðmæta, slökkviliðsstarfsemi, tilraunum til að draga úr náttúruhamförunum á tímabilinu 23. janúar 1973 til 1. marz 1973. Kostnað þennan skal greiða samkvæmt reikningum þeirra, er störf þessi hafa innt af hendi eða látið inna af hendi. Aldrei skal þó endurgreiða kostnað, sem orðið hefði þótt ekki hefði til náttúruhamfaranna komið.

Eftir 1. marz 1973 skal sjóðurinn einungis greiða kostnað vegna starfa, sem unnin eru að ósk eða með samþykki sjóðsstjórnar.

Sjóðsstjórn úrskurðar reikninga og er úrskurður hennar endanlegur um hvað sjóðnum beri að greiða.

37. gr.

Nú hafa opinberir aðilar, sem höfðu björgunarstörf með höndum, notað lausafé og tæki manna við starfsemi sína og skal bæta allt tjón, sem verður á slíkum eignum og hæfilegt gjald fyrir notin sjálf. Skal eignum þessum skilað ásamt hæfilegum bótum samkvæmt mati dómkvaddra manna. Í stað þess að bæta slíkt tjón er sjóðnum heimilt að kaupa slíkt lausafé á verði, er dómkvaddir menn meta.

38. gr.

Sjóðnum er heimilt, að veita atvinnufyrirtækjum, sem halda áfram starfsemi sinni í Vestmannaeyjum, ábyrgðir, styrk og lán til að halda uppi þessari starfsemi. Sjóðsstjórn skal setja reglur um styrki þessa, ábyrgðir og lán.

39. gr.

Nú hefur lausafé manna sannanlega glatazt eða skemmzt af völdum náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum og skal sjóðurinn bæta tjón manna, annað hvort eftir mati trúnaðarmanna sinna eða mati dómkvaddra manna.

Sjóðsstjórn skal úrskurða um bæt看 þessar og er úrskurður hennar endanlegur um hvað bæta skuli og bótafjárhæð.

40. gr.

Strax og Almannavarnir ríkisins telja, að hættuástandi í Vestmannaeyjum sé lokið, en þó eigi síðar en 1. september 1973, skal sjóðsstjórnin, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, auglýsa reglur um hvernig haga skuli bótum úr sjóðnum fyrir það tjón, sem orðið hefur á fasteignum manna í Vestmannaeyjum af völdum eldgossins á Heimaey eða björgunaraðgerðum þar, og ekki hefur fengizt bætt frá öðrum aðilum.

Mannvirki, sem eyðilagzt hafa með öllu, skal bæta með brunabótamatsverði þeirra eins og það verður samkvæmt reglum Brunabótafélags Íslands þegar greiðsla bóta hefst. Hafi mannvirki eigi verið brunatryggð skulu bæt看 ákveðnar samkvæmt fasteignamatsverði eða mati dómkvaddra manna.

Eign í leigulóð eða leigulandi skal metin eftir sömu reglum og við ákvörðun eignarskatts og bætt samkvæmt því.

Þegar sjóðurinn hefur greitt bæt看 fyrir fasteign samkv. 2. og 3. mgr. eða samið um þær skulu eigendur afsala sjóðnum öllum rétti sínum til fasteignarinnar.

Sjóðurinn skal, ef samkomulag næst ekki við eiganda fasteigna um bæt看 fyrir skemmdir á fasteign, sem orðið hafa af völdum eldgossins eða björgunaraðgerða,

láta dómkvadda menn meta hæfilegan viðgerðarkostnað á skemmdum og bæta eiganda með þeirri fjárhæð.

Nú nemur mat á viðgerðarkostnaði mannvirkja helming brunabótamatsverðs sbr. 2. mgr. eða meiru, og er sjóðsstjórn þá heimilt að bæta eignina sem ónýtt væri, enda afsali eigandi henni til sjóðsins.

Í auglýsingu sjóðsstjórnar skv. 1. mgr. þessarar greinar skal kveðið á um hvern og með hvaða hætti bótafé kemur til útborgunar.

41. gr.

Viðlagasjóður á forkaupsrétt að öllum fasteignum í Vestmannaeyjum fyrir sama verð og með sömu kjörum og aðrir bjóða. Sá, er vill selja þar fasteign, skal bjóða sjóðnum forkaupsrétt skriflega, og láta fylgja afrit af kaupsamningi við þann, er kaupa vill, ásamt nauðsynlegum gögnum.

Vilji sjóðurinn neyta forkaupsréttar síns skal hann tilkynna það þeim, er selja vill, innan 14 daga frá því honum barst forkaupsréttarboðið. Berist ekki svar frá sjóðnum innan greinds tímatakmarks skal svo lítið á, að sjóðurinn hafi hafnað forkaupsrétti sínum.

42. gr.

Nú hvíla gjaldfallnar veðskuldir á fasteignum í Vestmannaeyjum og er sjóðnum heimilt að greiða þær eða gjaldfallnar afborganir og vexti að ósk skuldara. Geta veðhafar þá krafist sjóðinn beint um greiðslu, enda eindagi þeir ekki skuldina þótt veðið hafi eyðilagzt.

IX. KAFLI

43. gr.

Viðlagasjóður skal stuðla að því að byggð og atvinnurekstur risi aftur í Vestmannaeyjum svo fljótt, sem unnt er.

44. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs skal láta gera verkfræðilega og hagfræðilega áætlun um hreinsun og endurreisn skipulagðra svæða á Heimaey.

Strax og ætla má að eldsumbrotum í Vestmannaeyjum sé lokið skal áætlun þessi lögð fyrir ríkisstjórnina, og að fengnu álit hennar og í samræmi við það, hafist handa um framkvæmdir.

Skal Viðlagasjóður bera allan kostnað af þeim framkvæmdum.

XI. KAFLI

45. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær löghald eða gera á þeim fjárnám.

46. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 4 7. febrúar 1973 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 27. marz 1973.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.